

## Fundargerð

Fimmtudaginn 20. janúar 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Samþykktir fundargerða síðustu funda

Fundargerðir nr. 384, 385, 386 og 387 voru samþykktar.

### 2. Reykjanesbær

Lagt var fram til kynningar og upplýsingar bréf frá Reykjanesbæ, dags. 13. desember 2021, til innviðaráðuneytisins þar sem óskað er eftir heimild til að gefa eftir kröfu Reykjanesbæjar á Reykjaneshöfn.

Á undanförunum árum hefur Reykjaneshöfn gengið í gegnum fjárhaldslega endurskipulagningu með endurfjármögnun og sölu eigna. Eftir stendur krafa bæjarsjóðs á höfnina sem hljóðar upp á 3.073 m.kr. Ljóst er að höfnin hefur ekki bolmagn til að greiða kröfuna. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar óskar því eftir að ráðherra heimili bæjarstjórn að gefa eftir kröfu á Reykjaneshöfn að fjárhæð 3.073 m.kr. til að bæta rekstrarhæfi og styrkja eiginfjárstöðu hafnarinnar.

Nefndin hefur engar efnislegar athugasemdir að ráðherra heimili Reykjanesbæ að gefa eftir kröfu á Reykjaneshöfn. Nefndin tekur samt fram að hún telur eðlilegt að horft verði til lögfræðilegu hliðina með tillit til samkeppnisforsenda.

### 3. Starfsáætlun 2022

Lögð voru fram drög að starfsáætlun 2022. Eftir yfirferð nefndarinnar var ákveðið að rita öllum sveitarfélögum bréf um áherslur nefndarinnar fyrir árið 2022. GAG var falið að gera drög að bréfinu.

### 4. Fjárhagsáætlun 2022

Farið var yfir yfirlitsskjal varðandi fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið 2022. Langflest sveitarfélög eru búin að skila en enn eru nokkur eftir og óskar EFS að ráðuneytið sendi bréf á þau sveitarfélög sem eru eftir að skila.

Eftir yfirferð nefndarinnar var ákveðið að skoða nánar sveitarfélögin sem eru með neikvæða rekstarniðurstöðu fyrir samstæðuna í fjárhagsáætlun 2022. Miðað við þau sem eru búin að skila þá eru 16 sveitarfélög með neikvæða rekstrarafkomu og ákveðið var að skipta þeim á milli nefndarmanna til frekari skoðunar sem verður rætt nánar á næsta fundi nefndarinnar.

### 5. Verkefnaskjal

Farið var yfir verkefnaskjal.

6. **Önnur mál**  
Enginn önnur mál  
Næsti fundur nefndarinnar 17. febrúar nk.